



Reykjavík, 9.maí 2025.

Minnisblað

Viðhald og framkvæmdir í Vesturbæjarlaug

Viðhaldslokun 26.5 – 23.6

Lokun er áætluð um fjórar vikur þar sem laugarkarið er mjög illa farið og uppsöfnuð þörf á rækilegri viðgerð. Hreinsa þarf alla málningu af niður í steypu og grunna/filta og heilmála. Þessi lokunartími verður vel nýttur í önnur verkefni s.s. umskipti á rennibraut, breytingu á lýsingu, útskipti á neyðarkerfi hússins, endurnýjun á hálkuvörnum á tröppum, útskipti á öryggisgrindverkum á bakka og ýmis verkefni í tæknikjallara.


Ný gufubaðsaðstaða

Viðhaldslokunartíminn nýtist einnig vel í framkvæmdir tengdar nýrri gufubaðsaðstöðu en þá verður m.a. unnið í verkefnum sem almennt fylgir rask á starfsemi og hávaði. Tillögur arkitekta á nýju aðstöðunni eru komnar til kynningar í lauginni, sjá mynd1. Fljótlega verður farið í hugmyndasamkeppni meðal gesta um „þemur“ í þeim tveimur hefðbundnu sánuklefum sem boðið verður uppá. Ef framkvæmdir ganga vel er von til þess að ný aðstaða verði opnuð síðsumars 2025.

Mynd 1.



VESTURBÆJARLAUG - NÝJAR SÁNUR



Gert er ráð fyrir þremur nýjum sánum þar af einni infrarauðri. Hvildarrými og sturtur verða framan við sánurnar. Hjólastólalýfta við sánur verður óbreytt. Skábraut verður komið fyrir á Sólargangi og ný hjólastólalýfta í anddyri.



Reykjavík